

T I L L A G A

til þingsályktunar um biskupsembættið.

(Lagt fyrir 64. kirkjuþing 2022-2023).

Flutt af Bryndísi Möllu Elídóttur og Krístrúnu Heimisdóttur.

Frsm. Bryndís Malla Elídóttir.

Kirkjuþing 2022-2023 samþykkir eftirfarandi þingsályktunartillögu:

Sem hirðir hirðanna fer frú Agnes M. Sigurðardóttir með biskupsþjónustu í þjóðkirkjunni fram að hvítasunnu 2024. Í því felst að hún hafi fram að þeim tíma tilsjón með kristnihaldi, kenningu kirkjunnar og þjónustu hennar í landinu ásamt því að gæta einingar kirkjunnar sbr. 10. gr. laga um þjóðkirkjuna nr. 77/2021.

Réttaráhrif niðurstöðu úrskurðarnefndar kirkjunnar nr. 2/2023 snýr að stöðu biskups Íslands frá 1. júlí 2022. Úrskurð sinn byggir nefndin á regluverki laga frá Alþingi um þjóðkirkju Íslands nr. 77/2021. Með birtingu úrskurðarins var tekinn af allur vafi á skipunartíma biskups Íslands. Ófyrirséð var að niðurstaða úrskurðarnefndar hefði þau víðtæku áhrif sem raun ber vitni. Þar sem kosning fór ekki fram við lok skipunartíma biskups er staðgengill biskups bær til þess að sinna störfum biskups Íslands þar til nýr biskup hefur verið kjörinn og kjöri hans lýst. Vígslubiskupinn í Skálholti og vígslubiskupinn á Hólum eru staðgenglar biskups Íslands enda voru embættin til þess gerð að styrkja biskupsembættið í landinu, sbr. greinargerð með þjóðkirkjulögum.

Í Porvoo- samþykktunum sem þjóðkirkjan er aðili að segir m.a.: „Við trúum að þjónusta hirðis og tilsjónarmanns (episkope) sem starfar á persónulegan, samábyrgan og félagslegan hátt, sé nauðsynleg til að vitna um og varðveita einingu og postullegt einkenni kirkjunnar ... tryggja undir stjórn Guðs samfellt líf kirkjunnar í postullegu lífi og vitnisburði.“ (Porvoo-yfirlýsingin, bls. 21). Handayfirlagning biskupa frá systurkirkjum þjóðkirkjunnar við biskupsvígslu birtir hina postullegu vígsluröð. Biskupsþjónustan verður þannig ekki skilin frá þeirri lúthersku hefð og kirkjulega samhengi sem kirkjan starfar innan. Embætti biskups Íslands er elsta embætti þjóðarinnar og með sambandi ríkis og kirkju um aldir mótaðist bæði hefð og lagasetning. Ákveðin óvissa var um ráðsmennskuhlutverk ríkisvaldsins gagnvart kirkjunni við þá breytingu sem varð með nýjum þjóðkirkjulögum frá 1. júlí 2021. Inntak skipunar og það hver skipar biskup Íslands breyttist án þess að tekin væri af öll tvímæli þar um. Bráðabirgðaákvæði laganna skildi eftir sig eyðu í lögum.

Biskupsvígslan felur í sér ævilanga skuldbindingu og þar með umboð til boðunnar og þjónustu í kirkjunni. Valdheimildir biskups Íslands eru fengnar með lýðræðislegu kjöri og fylgir því umboði ábyrgð sem verður ekki skilin frá lögum og starfsreglum.

Þjóðkirkjan starfar í einingu í bandi friðarins. Kirkjuþing treystir starfandi biskupum í landinu, sr. Agnesi M. Sigurðardóttur, sr. Gísla Gunnarssyni og sr. Kristjáni Björnssyni til þess að viðhalda þeirri einingu og leiða til lykta, eftir því sem þörf er á, þá lagalegu gjörninga sem tilheyra embætti biskups Íslands þar til nýr biskup verður kjörinn.